

67

31. des. .

L Ö G

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaramembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja dómaraskilyrðum samkv. 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Undanþágu má þó veita frá framangreindum skilyrðum að því er lögreglustjóra snertir, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en barnsfaðernismál og opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutfélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavigslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi, mælingu og skrásetningu skipa, úrskurðun fátækramála og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadóvari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsídóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver stófr skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embættis þessara greiðist úr rikissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í rikissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

TILSKIPUN

um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík.

68

31. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 1. grein laga, dags. í dag, um dómsmálastjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, viljum Vér skipa svo fyrir um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík:

1. gr.

Skipa má mann í lögreglustjóraembættið í Reykjavík þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 32. gr. laga nr. 85 frá 1936, enda sé hann 24 ára að aldri, sé lögráður og hafi forræði fjár síns, hafi óflekkað mannorð, hafi íslenzkan rikisborgararétt, hafi aflað sér sérþekkingar um meðferð lögreglumálefna og hafi hæfileika til lögreglustjórnar.

2. gr.

Tilskipun þessi gengur þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir, sem hlut eiga að máli, sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.